

Sjálfsmat Laugalandsskóla. - Stjórnun.

Inngangur.

Skólaárið 2008-2009 var ákveðið að taka til skoðunar, fæðið í mötuneytinu, líðan starfsfólks og nemenda og stjórnun. Ákveðið var að hafa matið árangursmiðað og var það mark sett að um og yfir 85% svarenda væru mjög og/eða frekar ánægðir með það sem spurt væri um. Þessi áætlun er sett fram í starfsmannahandbók skólans, en hún er gefin út að hausti og fær hver starfsmaður eitt eintak í sínar hendur.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skal innra mat skólans vera *altækt* þ.e. að ná til allra þátta skólastarfsins, *formlegt* þ.e. lýsing á aðferðum þarf að liggja fyrir í skriflegum gögnum frá skólanum og *áreiðanlegt* þ.e. byggt á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Allt eru þetta mikilvægir þættir til að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfinu. Ef aðferðir og vinnsla slíks mats eru skilvirkar, er það ákjósanleg aðferð til að styrkja og bæta skólastarfið. Og eins og segir í Aðalnámskrá grunnskóla bls. 39 "Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur."

Hver stofnun þarf að hafa styrka stjórn, sama hvaða starfi hún sinnir. Stjórn þarf að hafa góða yfirsýn, halda utan um alla enda, leysa ágreiningsefni, umbuna fyrir vel unnin störf og hvetja til góðra afkasta við hvert verk.

Í skólum er þetta ef til vill mikilvægara en annars staðar, þar sem unnið er með viðkvæmar sálir sem eru að mótast fyrir lífið og því mikils virði að allir geri sitt besta og leggi sig fram við að mæta þörfum hvers einstaklings. Til að svo megi verða þarf fólki að líða vel, bæði starfsfólki og nemendum, en einnig að finna að stjórnendur styðji þá við það sem hver og einn er að gera hvetji og hrósi fyrir vel unnin störf.

Í janúar 2009 voru búnar til spurningar sem varpa mættu ljósi á þá þætti sem talið var að skiptu máli varðandi stjórnun og hvað hugsanlega mætti bæta, að mati nemenda, starfsfólks og foreldra. Könnunin miðaði spurningarnar annars vegar við skólastjóra og hins vegar við stjórnendur, en það eru bæði skólastjóri og aðstoðarskólastjóri og var það útskýrt fyrir nemendum og starfsfólki munnlega um leið og könnunin var lögð fyrir, en kom fram í bréfi til foreldra sem fylgdi könnuninni heim (fylgiskjal 7). Spurningar voru samræmdar eftir því sem mögulegt var til þessara þriggja markhópa, en eðli málsins samkvæmt fengu ekki allir sama spurningalistann. (Fylgiskjöl 1, 2 og 3).

Fæði og líðan hefur verið gerð skil í annarri skýrslu en í þessari munum við athuga niðurstöður könnunarinnar á stjórnun.

Framkvæmd.

Ákveðið var að leggja könnunina fyrir nemendur í 6. - 10. bekk, þar sem spurningarnar væru þess eðlis að yngri börn réðu ekki við að svara þeim og jafnframt eru samskipti stjórnenda minni við nemendur í yngri deildum skólans.

Spurningalistinn var síðan lagður fyrir hópana í febrúar. Sami aðili fór inn í kennslustund til nemenda sem svöruðu könnuninni og lagði hana fyrir nemendur. Sá aðili var viðstaddur á meðan nemendur svöruðu og útskýrði spurningar sem vöfðust fyrir þeim. Jókst þörfin fyrir útskýringar eftir því sem nemendur yngdust.

Spurningar nr. 8, 9 og 11 vöfðust oftast fyrir og var útskýringin sem nemendur fengu við sp. 8, (Eru stjórnendur fljótir eða seinir að taka upp nýjungar í starfi?), hvort nemendum þætti stjórnendur taka upp nýtt námsefni fljótlegra eftir að fréttist af því eða hvort nemendur hefðu tilfinningu fyrir því að eitthvað væri búið að vera lengi við lýði áður en það kæmi inn í Laugalandsskóla. Var námsefnið ART nefnt sem dæmi, en það var tekið upp á nýliðnu hausti og þótti því nærtækast.

Við sp. 9, (Er stefna skólans í kennslu- og uppeldismálum skýr eða óskýr?), fengu nemendur útskýringuna hvort þeir vissu af hverju þeir væru í skólanum og til hvers þeir væru að læra þetta námsefni eða hitt og til hvers reglurnar í skólanum væru settar.


Við sp. 11, (Sýna stjórnendur mikinn eða lítinn metnað í starfi sínu?), fylgdi útskýringin í spurnarformi; finnst ykkur stjórnendur vilja gera sitt besta í hverju því sem þeir eru að gera? Nemendur tjáðu sig jafnframt upphátt um leið og þeir krossuðu við og má til dæmis nefna svör við spurningum 13 (leitar þú oft eða sjaldan til skólastjóra þegar þú þarft á stuðningi að halda?): „Ég þarf aldrei að leita til þeirra!“ og 14 (Finnst þér skólastjóri mikið eða lítið skilningsríkur þegar þú þarft að sinna persónulegum málum?): „Pabbi hringir nú bara alltaf þegar ég er veikur!“

Með því að sami aðili kom alls staðar að fyrirlögn var tryggt að allir fengju sömu upplýsingar frá sömu hendi, en jafnframt fékk fyrirlagnaraðilinn tilfinningu fyrir því hvað virtist vera flókið og um leið hvernig nemendur túlkuðu spurningarnar og svörin.

Nemendur fylltu út listann og skiluðu í kassa sem fyrirlagnaraðilinn tók með sér. Þegar allir höfðu svarað, voru gögnin færð inn í tölvuforrit (SSP) sem reiknaði út niðurstöður. Þær voru síðan settar upp í skífurit og eru allar birtar í þessari skýrslu.

Samantekt.

Í 6. - 10. bekk eru 59 nemendur og svöruðu þeir allir, 27 piltar og 32 stúlkur. Við fengum því 100% svörun frá nemendum og skiptast þeir á milli bekkjardeilda eins og mynd 1 sýnir.



mynd 1


Könnunin var lögð fyrir 16 starfsmenn skólans og svöruðu 15, 3 karlar og 12 konur og svarhlutfall því tæp 94%.

Þá var listinn sendur til 52 foreldra og svöruðu 42, 11 karlar og 29 konur eða 81%. Flestir eru fæddir á árunum 1960-1969 eða 19 og næstflestir eða 14 eru fæddir á áratugnum þar á eftir; 1970-1979.


Heppilegast er ef til vill að skoða svör við sambærilegum spurningum í samhengi og því setjum við upp myndir af niðurstöðum í skífuriti og röðum saman svörum frá foreldrum, starfsfólki og nemendum til að geta borið saman dreifingu á milli þeirra hópa sem könnunin var lögð fyrir.

Fyrst var spurt um aðgengi að skólastjóra og er dreifing svara sýnd í töflum 1, 2 og 3. Eins og sjá má eiga starfsmenn gott með að ná tali af skólastjóra og sömu sögu má segja um foreldra, en dreifingin er aðeins meiri hjá nemendum. Á bak við hver 2% á þessari töflu stendur 1 nemandi svo ekki er hægt að segja að það séu margir sem finnst þeir eiga mjög erfitt með að ná til skólastjóra. Eins höfðu nokkrir nemendur orð á því að þeir þyrftu ekki að hafa tal af honum og því skipti aðgengi að skólastjóra þá nemendum ekki miklu máli.


3/2/3*. Átt þú greiðan eða ógreiðan aðgang að skólastjóra?



tafla 1



tafla 2




tafla 3


*númer spurninga í samræmi við töflur. Númerin eru í sömu röð og töflurnar.

Næst var spurt um hversu sýnilegur skólastjóri þykir í skólastarfinu og þær niðurstöður má skoða í töflum 4, 5 og 6.


4/3/4. Er skólastjóri mikið eða lítið sýnilegur í skólastarfinu?



tafla 4



tafla 5




tafla 6


Telja má að skólastjóri sé andlit skólans og sýnileiki hans því mikilvægur þegar foreldrar sækja samkomur sem skólinn heldur. Í rauninni þarf ekki að velta þessari spurningu fyrir sér, skólastjóri er greinilega mjög sýnilegur í starfi skólans að mati meirihluta þeirra sem taka þátt í könnuninni.

Í kjölfar þessarar spurningar var spurt hvort upplýsingastreymi frá stjórnendum þætti mikið eða lítið og þær niðurstöður skoðum við í töflum 7, 8 og 9.


5/4/5. Er upplýsingastreymi frá stjórnendum mikið eða lítið?



tafla 7



tafla 8




tafla 9


Engar athugasemdir komu fram um það hvað helst vantaði upp á upplýsingastreymi frá stjórnendum og því ekki gott að átta sig á því hvað má bæta. En 91% foreldra telur upplýsingastreymi vera um og yfir meðallagi og virðist vera sátt við þær upplýsingar sem þeir fá frá skólanum og verður

það að teljast gott. 87% nemenda er þeirrar skoðunar að þetta sé um og yfir meðallagi og sömuleiðis 87% starfsfólks. 13% nemenda og starfsfólks þykir mega bæta úr hvað þetta varðar.

6/6. Taka stjórnendur fljótt eða seint á málum?



tafla 10




tafla 11


Í þessari spurningu er verið að velta fyrir sér hversu fljótt stjórnendur bregðast við ef eitthvað kemur upp á innan skólans og má sjá að foreldrum þykir þeir mjög viðbragðsfljótir þegar slíkt á sér stað. Svör nemenda dreifðust heldur meira og þykir 36% nemenda það vera í meðallagi.

Starfsmenn fengu ekki þessa spurningu, en í staðinn voru þeir spurðir um eftirfylgni mála og er það að sumu leyti samhljóða spurning, en foreldrar fengu hana líka. Svör við þeim má skoða í töflum 12 og 13.

7/5. Er reglufesta mikil eða lítil hjá stjórnendum?



tafla 12




tafla 13

Þarna má glöggst sjá að bæði foreldrum og starfsmönnum þykir reglufesta mjög mikil. Reglur eru settar til að aðstoða fólk við að koma vel fram og sýna umhverfinu, sjálfum sér og öðrum virðingu. Til lítills er að setja reglur ef þeim er ekki fylgt eða farið eftir þeim og því er gott að sjá að þetta þykir vera í lagi við Laugalandsskóla að mati foreldra og starfsfólks.

Nemendur fengu síðan spurningu sem fjallaði um eftirfylgni mála og var hún útskýrð fyrir þeim með því að spyrja hvort þeim þætti stjórnendur bregðast fljótt við ef eitthvað færi úrskeiðis eða eitthvað kæmi upp á í skólanum, t.d. ef reglur væru brotnar.

Að brugðist sé fljótt við vandamálum eða hverju því sem upp kann að koma innan skóla-starfsins skilar oft meiri árangri en ef beðið er með að taka afstöðu eða bregðast við í einhverja daga. Bæði er að ef einhver tími líður, getur fennt yfir það sem gerðist og jafnvel gleymist alveg að afgreiða málið. Sömuleiðis má segja að það sem tekið er fyrir strax og það á sér stað, taki jafn mikinn tíma og ef beðið er og jafnvel styttri í einhverjum tilfellum. Ekki má heldur gleyma því að sum viðkvæm mál geta valdið hugarangri séu þau geymd um óákveðinn tíma, það verður því að teljast allra hagur að tekið sé fljótt á málum og gott að sjá að nemendum þyki það almennt gert við Laugalandsskóla. Niðurstöður þeirrar spurningar eru í töflu 14.


7. Er eftirfylgni mála hjá stjórnendum mikil eða lítil?




tafla 14

Það má því teljast óumdeilanlegt að mati svarenda að þær reglur sem settar eru í skólanum eru virtar af stjórnendum og agastjórnun fylgt vel eftir og fljótt brugðist við hverju því sem upp kemur innan skólans.


8/6/8. eru stjórnendur fljótir eða seinir að taka upp nýjungar í starfi?



tafla 15




tafla 16




tafla 17

Eins og sjá má telja foreldrar og starfsfólk stjórnendur nokkuð fljóta að bregðast við nýjungum, en nemendur hafa nokkuð skiptar skoðanir á því, en einnig var misjafnt hversu vel þeir fylgdust með hvort nýjungar væru í boði eftir því sem þeir höfðu orð á meðan þeir svöruðu spurningunni.


9/7/9. Er stefna skólans í kennslu- og upplæðismálum skýr eða óskýr?



tafla 18




tafla 19




tafla 20

Þarna svöruðu 73% nemenda því til að stefnan væri frekar og/eða mjög skýr. 53% foreldra sögðu hana frekar og/eða mjög skýra og 86% starfsfólks. 36% foreldra þykir þessi stefna í meðallagi skýr.

9/10. Er þér hrósað oft eða sjaldan af stjórnendum?




tafla 21



tafla 22

Eðlilega fengu foreldrar ekki þessa spurningu þó vissulega sé oft hægt að hrósa foreldrum fyrir þeirra aðkomu að skólastarfinu. Dreifing nemenda er nokkuð mikil og þykir 38% nemenda þeim vera hrósað í meðallagi oft og 17% segja mjög sjaldan. Starfsfólk skiptist jafnt á þrjá svarmöguleika en þeir eru allir um og yfir meðallagi. Starfsmenn voru einnig spurðir að því hvort nemendum væri hrósað oft eða sjaldan af stjórnendum og má sjá svör við þeirri spurningu í töflu 23.

16. Hrósa stjórnendur nemendum oft eða sjaldan?




tafla 23


Þar má sjá að þeim þykir það gerast frekar oft í 57% tilvika. Því verður að skjóta inn í skýrsluna að starfsfólk í eldhúsi sagðist varla geta svarað þessari spurningu, því það heyrði sjaldan hvort stjórnendur væru að hrósa eða ekki, þeir gerðu það ekki akkúrat fyrir framan augun á því, en gætu víst gert það samt sem áður. Vafalaust er misjafnt hversu mikið starfsfólk verður vart við hvort stjórnendur hrósa miðað við þessa athugasemd.

Þá kom að því að spyrja foreldra og nemenda hvort þeim þætti stjórnendur sýna metnað í starfi sínu og má skoða dreifingu svara við henni í töflum 24 og 25.

10/11. Sýna stjórnendur mikinn eða lítinn metnað í skólastarfinu?



tafla 24




tafla 25


Parna má sjá að 67% foreldra þykir stjórnendur sýna mjög mikinn metnað í starfi og 46% nemenda eru þeirrar skoðunar. Það þarf varla að útskýra nauðsyn þess að fólk hafi metnað fyrir starfi sínu og vilji alltaf gera sitt besta við hvert sitt verk. Enginn leggur sig vel fram við störf sín nema hann hafi metnað til þess að gera sitt besta og leggja sitt af mörkum til að ná árangri. Í skólastarfi er þetta sérstaklega mikilvægt og er hvetjandi fyrir þá sem nema við skólann, enda er t.d. oft haft á orði við nemendur að þeir „eigi að gera sitt besta, ekki sé hægt að fara fram á meira.“

Spurningin um hvort nemendur og starfsfólk fengju mikla eða litla hvatningu frá stjórnendum var lögð fyrir næst. Nemendur voru spurðir um hversu mikla hvatningu þeir fengju til að stunda nám sitt við skólann, en starfsfólk um hvatninguna sem það fengi til að sækja sér endurmenntun og dreifðust svörin eins og sjá má í töflum 26 og 27.

12/12. Færð þú mikla eða litla hvatningu til að sækja þér endurmenntun/stunda námið í skólanum?




tafla 26




tafla 27

Parna er dreifing nokkur eins og sjá má. Þess ber að geta að á bak við 7% starfsmanna er einn einstaklingur. Honum þykir hann fá mjög litla hvatningu en öðrum þykir það um og yfir meðallagi. Nemendur hins vegar svara því til að 63% þyki þeir fá frekar og/eða mjög mikil hvatningu á meðan 10% finnst þeir fá mjög litla hvatningu.

13/13. Leitar þú oft eða sjaldan til skólastjóra þegar þú þarft á stuðningi að halda?



tafla 28




tafla 29

Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir leituðu oft eða sjaldan til skólastjóra ef þeir þyrftu á stuðningi að halda, sögðu nokkrir stundarhátt að þeir þyrftu þess aldrei. Ef eitthvað bjátar á í lífi nemenda er eðlilegast að þeir leiti til umsjónarkennara síns og hann taki á þeim vanda sem steðjar að nemanda hans. Það er ekki fyrr en í óefni er komið eða málin eru mjög vandmeðfarin sem leitað er til skólastjóra, því má túlka niðurstöðurnar úr þessari spurningu þannig að umsjónarkerfið sé að virka vel og að hægt sé að vinna með öll mál frá fyrstu hendi en aðeins einn nemandi sagðist leita mjög oft til skólastjóra eftir stuðningi og tveir nemendur frekar oft. 23 nemendur sögðu mjög sjaldan, 7 frekar sjaldan og 23 gerðu það í meðallagi.

Næsta spurning var eingöngu lögð fyrir foreldra og 79% þeirra þykir stjórnendur koma mjög og/eða frekar oft til móts við þarfir nemenda og er það gott hlutfall.


11. Leitast stjórnendur oft eða sjaldan við að koma til móts við þarfir nemenda?




tafla 30

Gott samstarf heimila og skóla verður aldrei fullmetið og virkar það jafnt á báða bóga. Margar rannsóknir hafa verið gerðar og sýna meðal annars fram á að jákvætt viðhorf heimila til skólans eykur líkur á því að nemendur leggi sig fram og nái betri og meiri árangri við nám sitt. Hvernig stjórnendur koma til móts við þarfir nemenda er einn mikilvægur þáttur í samskiptum heimila og skóla. Í ljósi þess verður því að teljast jákvætt að foreldrar séu almennt sáttir við þau viðbrögð sem þeir finna fyrir af hálfu stjórnenda þegar þarfir nemenda eru annars vegar.


14/17/16. eru stjórnendur í miklum eða litlum tengslum við nemendur?



tafla 31




tafla 32



tafla 33

14. eru stjórnendur í miklum eða litlum tengslum við foreldra?




tafla 34


Þessar tvær spurningar endurspeglar skoðun fólks á tengslum stjórnenda við nemendur og foreldra og gott að skoða þær í samhengi. 93% starfsfólks telja stjórnendur í frekar og/eða mjög góðum tengslum, en 52% nemenda eru þeirrar skoðunar. Hvað foreldra varðar þá sýnist þeim svo vera í 80% tilvika og telst það mjög gott. Svör við spurningunni um tengsl þeirra við foreldra svöruðu 29% að þau væru mjög mikil og 48% frekar mikil. Sú spurning endurspeglar sömuleiðis mikilvægi góðra samskipta við heimilin og ber að fagna niðurstöðum hennar þar sem tæp 80% foreldra telja stjórnendur vera í frekar og/eða mjög miklum samskiptum við sig. Reynslan hefur sýnt að skólinn þarf að hafa frumkvæðið að samskiptum við heimilin og hvetja til samskipta af þeirra hálfu. Foreldrar finna þá að stuðningur þeirra við nám barnanna skiptir máli og fagna því að fá góðar upplýsingar og innsýn í starf skólans. Þeir þurfa þó líka að vera vakandi og leita eftir upplýsingum ef þeim finnst eitthvað vanta þar á og tilfinning okkar er að foreldrar í skólasamfélagi Laugalandsskóla

viti vel hvenær boltinn er hjá þeim og hvert þeir eiga að leita ef einhverjar upplýsingar skortir. Til sönnunar þessu má benda á niðurstöður í töflu 7.

11/14. Sýnir skólastjóri mikinn/lítinn skilning þegar þú þarft að sinna persónulegum málum?




tafla 35



tafla 36

Þessi spurning var lögð fyrir nemendur og starfsfólk og verður að segja að starfsfólk er mjög sátt við skilning stjórnenda á þessum málum. Nemendur höfðu orð á því að þeir sæju ekki um þessa hlið sjálfir, heldur athuguðu foreldrarnir hvort mætti fá leyfi eða eitthvað þess háttar, en jafnframt voru þeir beðnir að hafa í huga hvernig skilningur stjórnenda væri ef þeir sjálfir leituðu til þeirra. Sumir nemendur sögðust ekki hafa reynslu af því, þeir hefðu aldrei þarft að leita til þeirra með slíkt. Dreifingu þeirra svara má sjá í töflu 36.


14. Sýnir skólastjóri mikinn/lítinn skilning þegar þú þarft að sinna persónulegum málum vegna nemenda?




tafla 37

Eins og sjá má eru 55% foreldra mjög ánægð með þennan skilning og 36% frekar ánægð, ekkert foreldri er frekar og/eða mjög óánægð með þennan skilning. Í rauninni tengjast persónulegar þarfir nemenda heimilinu oft algjörlega og þurfa foreldrar t.d. að sækja um leyfi fyrir börn sín ef á þarf að halda, en einnig þurfa foreldrar stundum að fá stuðning og stundum ráðgjöf við einhver atriði sem tengist námi eða hegðun barna þeirra og þá er gott að geta leitað til fagaðila þar sem fullkomið traust ríkir. Þarna er því komin enn ein spurningin sem sýnir fram á hversu gott samstarf er við heimilin hjá Laugalandsskóla og það er þægilegt til þess að hugsa að foreldrar finni fyrir góðum skilning hvað þetta varðar.


15/15/15. Telur þú samskipti við stjórnendur góð eða slæm?



tafla 38




tafla 39



tafla 40

Mikill meirihluti foreldra og starfsfólks telja samskipti sín við stjórnendur mjög góð. Nemendur dreifast aðeins og telja 24% þeirra þau vera mjög góð og 39% frekar góð. 2% foreldra, 7% starfsfólks og 29% nemenda telja þau í meðallagi. Það eru 1 foreldri, 1 starfsmaður og 17 nemendur. Þarna er jafnframt að finna hæstu prósentu (63%) við „mjög góð“ möguleikanum hjá foreldrum og verður það að teljast sérstaklega jákvætt, því fátt er jafn nauðsynlegt og að samskipti þeirra sem „ráða“ yfir börnunum okkar séu góð.


12. Ert þú ánægður með agastjórnun í skólanum?




tafla 41

Einungis foreldrar fengu þessa spurningu. Agastjórnun þykir alltaf skipta nokkru máli og eru misskiptar skoðanir á því hvernig henni skuli háttað, þó oftast þyki fólki betra þegar ró og friður ríkir og settum reglum er fylgt. Með því móti næst góður vinnufriður og hver einstaklingur á að fá tækifæri til að gera sitt besta. Ef við skoðum svör foreldra við þessari spurningu kemur í ljós að 89% þeirra eru frekar og/eða mjög ánægðir með agastjórnunina í skólanum.

10. Skila starfsmannaviðtöl miklum eða litlum árangri? 8. Ert þú ánægður með samstarf stjórnenda?



tafla 42



tafla 43

Að auki fengu starfsmenn þessar tvær spurningar hér að ofan og má sjá dreifingu svara við þeim í töflum 42 og 43. 60% þeirra eru mjög ánægðir með samstarf stjórnenda og 20% frekar ánægðir. Heldur meiri dreifing er á svörum við árangur af starfsmannaviðtölum og segja 33% þau vera í meðallagi árangursrík. Fjallað er um niðurstöður þeirrar spurningar í lokaorðum. Skólastjóri tekur viðtal við hvern starfsmann einstaklingslega á hverjum vetri og við hvern kennara bæði að hausti og vori.

Lokaorð

Skoðum nú hvað mætti gera betur.

Ef niðurstöður eru dregnar saman, má sjá að allir sem að skólastarfinu koma, jafnt nemendur, foreldrar og starfsfólk eru ánægðir með störf skólustjóra og aðstoðarskólustjóra. Þar sem sjálfsmatið er ætlað til að vinna að úrbótum þar sem þess er þörf var strax gengist í að ráða bót á þeim málum sem þóttu vera undir þeim mörkum sem sett voru og getið er um í inngangi.

Ef við skoðum fyrst það sem mætti bæta samkvæmt niðurstöðum úr könnun starfsfólks, má nefna að upplýsingastreymi til þeirra þykir mega vera meira og eins að starfsmannaviðtöl skiluðu ekki fullnægjandi árangri í öllum tilfellum. Á kennarafundi var spurt hvernig starfsfólk vildi bæta upplýsingastreymi og þá kom í ljós að helst mættu þær koma aðeins fyrr. Aðstoðarskólustjóri birtir vikulega stundaskrá yfir það sem stendur til í vikunni sem kallast "á döfinni" og hefur hún komið upp á föstudögum. Í ljós kom að margir hafa ekki tamið sér að lesa hana og því lá boltinn ef til vill hjá hinum aðilanum þarna, en til að koma til móts við þetta er "á döfinni" nú hengd upp á fimmtudögum og hún jafnframt nýtt fyrir starfsfólk til að skrá inn sína viðburði, eins og t.d. afnot af sviði fyrir árshátíð og fleira þess háttar.

Starfsmannaviðtölum var breytt þannig að form þeirra er opnara en áður var. Þó fylgja þau áfram settum reglum sem settar eru í samningum þess efnis. (Kjarasamningur Kennarasambands Íslands og launanevndar sveitarfélaga fyrir grunnskóla, 2001; 80-81) en starfsmaðurinn getur mótað viðtalið eftir sínum þörfum og komið því að sem honum hefur þótt á vanta hingað til. Svo er spurning hvort það er formið eða útkoman úr starfsmannaviðtalinu sem skiptir máli og þá verður að treysta því að allir sem að viðtalinu koma tjái hug sinn og viðunandi niðurstaða af beggja hálfu náist á meðan það fer fram.

Hvað nemendur varðar, þá var það e.t.v. hrósið sem mætti vera meira, þar sem 17% nemenda sögðust mjög sjaldan fá hrós frá stjórnendum á meðan 13% sögðu þá hrósa sér mjög mikið. Hrós er aldrei ofmetið og hverjum manni ætti að hrósa sem oftast fyrir vel unnin störf. Það er samt ekki það sem Íslendingum er tamast og þurfa þeir oft að minna sig á að hrósa náunganum. Oft þykir það líka eðlilegra að fólk geri sitt besta og það sem vel er gert er metið í þögn en fundið að því sem miður fer. Þarna má vafalaust hver einasti einstaklingur bæta sig og gera betur. Í rauninni er ekki hægt að leggja til neinar úrbætur um slíkt í skýrslu. Sömuleiðis má sjá í svörum við hversu mikla hvatningu nemendur fá frá stjórnendum til að stunda nám sitt að 10% finnst það mjög lítið en 27% mjög mikið. Hvatning og hrós haldast í hendur og það verður að teljast jákvætt að 63% nemenda finni fyrir mjög og/eða frekar mikilli hvatningu til að stunda nám sitt frá stjórnendum, eins og fram kemur í töflu 27.

Þá voru einnig skiptar skoðanir á því hversu fljótir stjórnendur þykja bregðast við nýjungum og var aðallega dreifing á niðurstöðum nemenda. Fram kom í máli þeirra að þeir vissu ekki alltaf hvort eitthvað nýtt væri í boði en einnig að þeim þættu sumar bækur orðnar nokkuð gamlar. Ekki eru allar nýjungar bundnar við bækur og sömuleiðis má segja að margt af því eldra sé sígilt og standi því nýja stundum jafnfætis eða framar og því ekki alltaf ástæða til að skipta út gömlu fyrir nýtt, þó vissulega séu framfarir í námsefni kærkomnar og nýttar eins og best verður við komið. Kannski eru það fyrst og fremst kennarar sem koma inn með nýjungar og velja bækur fyrir sína kennslu, þó svo að þeir fái vísbendingar frá stjórnendum um hvað sé nýtt í boði. Eins er á kennarabingum KS á hverju hausti, kynning frá Námsgagnastofnun og öðrum útgáfum námsefnis og þar geta kennarar fylgst með nýjungum og metið hvort þær henti sínum kennsluaðferðum og aðkomu að fræðslu nemenda þeirra.

Það eru því e.t.v. frekar kennarar en stjórnendur sem að lokum ráða því hvort nýtt námsefni er tekið til kennslu eða ekki. Stjórnendur geta hins vegar lagt til aðferðir og þróunarstarf sem kennarar miða kennslu sína við og má í því tilfelli nefna bæði ART og Bright Start sem hvort tveggja er notað við kennslu í Laugalandsskóla.

Ef rennt er yfir niðurstöður frá foreldrum má segja að þar sé ekkert sem stingi sérstaklega í augun og því ekki úrbóta þörf á mörgum sviðum hvað það varðar. Helst væri það stefna skólans í kennslu- og uppeldismálum sem þeim þykir mega vera skýrari og þá má velta fyrir sér hvernig bæta megi úr því. Á hverju hausti fer skólalýkill inn á hvert heimili skólasamfélagsins. Þar kemur fram hvað skuli kennt og helstu markmið hverrar námsgreinar í hverjum árgangi skilgreind. Þar ættu þessar upplýsingar því að liggja fyrir.

Margir skólar hafa komið sér upp „slagorðum“ sem endurspeglar helstu áherslur skólans í starfi sínu. Laugalandsskóli hefur ekki gert þetta ennþá og gæti það verið ein leið til að gera stefnu skólans í kennslu- og uppeldismálum skýrari.

Ef við berum niðurstöðurnar við markið sem sett er í handbók skólans um 85% svörun við efstu tveimur möguleikum í hverri spurningu, má sjá að 7 af 16 svörum foreldra ná því marki ríflega og 8 af 17 svörum starfsfólks og telst það mjög gott. Í heild má segja að niðurstöðurnar skili skólanum toppinkunn hvað stjórnun hans varðar. Það er afar mikilvægt að stjórnun skólans sé góð svo öllum líði vel í starfi sínu. Sömu sögu má segja um viðhorf foreldra til þessa en ánægðir foreldrar er vissulega styrkur og stoð hvers skóla.

Nú þegar hefur verið brugðist við því sem betur má fara samkvæmt þessari könnun og má því segja að þar með sé sjálfsmat Laugalandsskóla eins skilvirkt og hugsast getur, þegar úrbætur skila sér áður en skýrslan um matið er fullunnin.